

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi við Grænhól, athafnasvæði.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 25. október 2023 breytingu á deiliskipulagi við Grænhól, athafnasvæði.

Breytingin tekur til Sjafnargötu 1a og felur í sér að útskoti er bætt á austurhlið byggingarreitsins. Stækkunin nemur alls 10,5 m² og stendur 1,65 m út og er 6,35 m á breidd. Stækkunin er gerð svo að hægt sé að bæta vindfangi við bygginguna og stækkunin rúmist innan gildandi nýtingarhlutfalls.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 9. janúar 2024,

Einar Sigþórsson verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 23. janúar 2024